12. *Húsaleigueftirlit.* Í fjárlögum þessa árs eru ætlaðar 128 496 kr. til húsa-leigueftirlits. Var sú fjárhæð miðuð við, að störf húsaleigunefnda legðust niður, þegar húsaleigulögin féllu úr gildi 14. maí þ. á. Nú hefur félagsmálaráðuneytið áætlað kostnað við húsaleigueftirlit á næsta ári 213 567 kr., og segir um það í grein-argerð m .a.: „Þótt hin eldri húsaleigulög séu nú víðast úr gildi numin, starfa húsaleigunefndir enn alls staðar samkvæmt lögum nr. 30 4. febr. 1952, 3. gr., við framkvæmd á húsaleigumati (hámarkshúsaleigu). Hvort starf nefndanna er nú meira eða minna en áður var, er enn eigi kunnugt, og þykir því enn verða að gera

ráð fyrir svipuðum útgjöldum og áður. Nauðsynlegt er að kveða á um það með nánari lagasetningu, hverjir skipi húsaleigunefndir samkv. lögum nr. 30/1952, þar eð nefndirnar ganga að sjálfsögðu úr sér með tímanum. Einnig væri eðlilegt að kveða nánar á um greiðslu kostnaðar vegna þeirra í hinum nýju lögum.“ Svo sem hér kemur fram, ríkir nú mikil óvissa um störf og skipun nefndanna, svo og um greiðslu kostnaðarins. Ráðuneytinu þykir því eigi ástæða til annars en að hafa fjárveitinguna nær óbreytta, og hefur tekið í frumvarpið 130 þús. kr.

Um 11. gr. C.

I. a. *Tollstjóráskrifstofan í Reykjavík*. Grunnlaun hækka um 36 835 kr. vegna aldurshækkana, svo og vegna þess að bætt hefur verið við einni stúlku, er vinnur hálfan daginn. Tollstjóri hefur auk þess lagt til að ráðnir verði 2 nýir starfsmenn, fulltrúi til aðstoðar við skrifstofustjórn og tollafgreiðslu og tollritari við útreikning tolla, en ráðuneytið hefur ekki viljað samþykkja það. Lausavinnuliðurinn er sem áður miðaður við laun tveggja lögtaksfulltrúa, er starfa við embættið til bráðabirgða. Húsaleiga, ljós og hiti lækka um 15 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld, 145 þús. kr., er nýr liður, fluttur af 11. gr. D. Annar kostnaður varð á síðastliðnu ári um 500 þús. kr., og þykir því eigi fært að áætla hann lægri en 450 þús. kr. á næsta ári. Er það 50 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

b. 1. *Tollgæzla í Reykjavík*. Grunnlaun hækka um 7 752 kr. vegna aldurshækkana. Símakostnaður er áætlaður 20 þús. kr., en hefur áður verið talinn á 11. gr. D. Annar kostnaður er í fjárlögum þessa árs áætlaður 420 þús. kr., og var sú áætlun gerð með hliðsjón af kostnaðinum 1951, sem reyndist 433 þús. kr. Nú hefur kostnaðurinn á síðast liðnu ári orðið 526 þús. kr. Hækkunin stafaði af því, að einkennisföt hækkuðu í verði á árinu 1952 svo að nam 48 þús. kr. og aukavinna hækkaði um 47 þús. kr. Aukavinna er óhjákvæmileg við tollafgreiðslu á farþega-skipunum og þegar leit er gerð í hinum stærri farmskipum, og einnig oft við afgreiðslu á millilandaflugvélum. Þá hefur vöruflytningur með flugvélum aukizt svo, að ekki er hægt að ljúka tollskoðun á honum á venjulegum vinnutíma. Enda þótt reynt verði að spara aukavinnuna eins og hægt er, þykir ekki ráðlegt að áætla liðinn „annar kostnaður“ lægri en 500 þús. kr. á næsta ári.

2. *Tollgæzla utan Reykjavíkur*. Óhjákvæmilegt var talið að efla tollgæzluna á Keflavíkurflugvelli, og var bætt þar við 2 tollvörðum snemma á þessu ári. Vegna þessa og aldurshækkana hækka grunnlaun um 56 057 kr. Fjölgun þessi hefur einnig í för með sér nokkra hækkun á öðrum kostnaði, en auk þess hefur hann jafnan verið of lágt áætlaður að undanförunu. Er því áætlunin hækkuð í 300 þús. kr.

II. a. *Ríkisskattanefnd*. Grunnlaun hækka um 2 772 kr. vegna aldurshækkana. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr., aðallega vegna þess, að nefndin þurfti að taka á leigu dýrara húsnæði en hún hafði áður, er hún varð að rýma sitt fyrra húsnæði í Arnarhvíli fyrir tollstjóráskrifstofunni.

b. *Skattstofan í Reykjavík*. Starfsfólki hefur fækkað um einn ritara, en vegna aldurshækkana hækka grunnlaun lítið eitt. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. Á undanförunum árum hefur verið gert ráð fyrir því í fjárlögum, að bæjarsjóður Reykjavíkur greiddi þriðjung af kostnaði við skattstofuna. Þessu hefur Reykjavíkurbær mótmælt á þeim forsendum, að verulegur hluti af kostnaði við skattstofuna á síðari árum stafaði af útreikningi á stóreignaskatti o. fl., sem væri bæjarsjóði óviðkomandi. Hefur nú verið svo um samið, að bæjarsjóður greiði ákveðið gjald fyrir hvern íbúa bæjarins, kr. 5.25 auk kaupgjaldsvisitölu. Sú endurgreiðsla er á næsta ári áætluð tæpl. 500 þús. kr. eða 245 þús. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs.

c. *Skattstofur utan Reykjavíkur*. Kostnaðurinn varð 665 þús. kr. árið 1952. Ráðuneytið lagði fyrir flestar skattstjórana á síðastliðnu ári að segja upp öllu starfsfólki sínu, en taka lausamenn í þess stað um aðalannatímann. Má af því

vænta nokkurs sparnaðar á þessu ári. Síðan hefur verið stofnað skattstjóraembætti á Akranesi, og fellur í staðinn niður greiðsla til undirskattanefndar þar. Er þá gert ráð fyrir að kostnaðurinn verði 600 þús. kr. á næsta ári.

f. *Millimatskostnaður* hækkar samkvæmt reynslu um 15 þús. kr.

Um 11. gr. D.

Eins og að framan er getið, lækkar þessi grein um 1.7 millj. kr., þar eð símakostnaður og burðargjöld, sem áður hefur verið fært hér í einu lagi fyrir allmargar stofnanir, er nú fært hverri einstakri stofnun til gjalda á viðkomandi fjárlagagrein.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið*. Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um tæplega 15 þús. kr., þar af 12 þús. kr. vegna póst- og símakostnaðar, sem fluttur er af 11. gr. D.

II. *Héraðslæknar*. Launin eru áætluð í samræmi við reglugerð nr. 48/1953, um skiptingu læknishéraða í launaflokka. Símakostnaður og burðargjöld, 20 þús. kr., er nýr liður hér, fluttur af 11. gr. D.

IV. *Ríkisspítalar*. Hjá öllum ríkisspítölunum eru launagreiðslur til starfsfólks stærsti útgjaldaliðurinn, og hækka þær nokkuð vegna aukinna verðlagsuppbóta. Þá er í launafjórðungi innifalin áætluð aukavinna vegna sumarleyfa. Óhjákvæmilegt er, að í sumarleyfum séu störf meginhluta starfsfólksins unnin í aukavinnu, en vegna þeirrar lengingar á sumarleyfum, sem ákveðin var á þessu og síðasta ári, hlýtur sá kostnaður að aukast verulega. Matvörur eru annar stór kostnaðarliður spítalanna, og kemur þar yfirleitt fram nokkur lækkun. Annar kostnaður hækkar lítið eitt hjá Landsspítala og Fæðingardeild, en lækkar á öllum hinum spítölunum. Daggjöld eru óbreytt, en vegna smávægilegra breytinga á áætlunum legudagafjölda sumra spítalanna breytast tekjurnar þar lítillega.

Samtals hækkar rekstrarhalli eldri spítalanna um 440 þús. kr.

Við þetta bætist svo, að til starfa taka 2 nýjar stofnanir, fávitahælið í Kópavogi og blóðbankinn. Til þeirra er að visu veitt nokkurt fé á þessu ári, eða 75 þús. kr. til fávitahælisins og 100 þús. kr. til blóðbankans, en það nægir engan veginn til að standa undir rekstri þeirra. Er nú gert ráð fyrir að rekstrarhalli fávitahælisins verði 203 700 kr. og rekstrarhalli blóðbankans 181 000 kr. á næsta ári.

Hækkun frá fjárlögum þessa árs er þá 210 þús. kr. fyrir þessar tvær stofnanir, en 650 þús. kr. hjá ríkisspítölunum öllum.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að af 619 þús. kr. áætlunum daggjöldum hins nýja fávitahælis greiðir ríkissjóður ¼ hluta eða 495 þús. kr. Hið sama er að segja um tekjuaukningu Kleppsspítalans, að af henni greiðir ríkissjóður ¼ hluta. Kemur þetta fram sem hækkun á 12. gr. VI. (ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla). Í áætlun blóðbankans er gert ráð fyrir 100 þús. kr. tekjum af blóðrannsóknnum, en þær eru teknar frá rannsóknarstofu Háskólans, og eykst því rekstrarhalli hennar sem því nemur.

A. *Landsspítalinn*. Bætt er við svæfingarlækni með ½ laun, hjúkrunarkonu á næturvakt og rannsóknarkonu. Þá hafa laun yfirlæknis röntgendeildar verið hækkuð til samræmis við laun annarra yfirlækna spítalans, og nema grunnlaunin nú tæpl. 55 þús. kr. Tillaga stjórnarnefndarinnar um að bæta við 3 aðstoðarhjúkrunarkonum hefur ekki verið samþykkt. Í liðnum „annar kostnaður“ er gert ráð fyrir 50 þús. kr. til kaupa á tækjum til varnar gegn lómunarveiki samkvæmt tillögu landlæknis og heilbrigðismálaráðuneytisins. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna lagði til, að bætt yrði við einum kennara við Hjúkrunarkvennaskólann, en sú tillaga er ekki tekin upp hér.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans*. Bætt er við einni rannsóknarkonu.

C. *Vífilsstaðahælið*. Tillaga stjórnarnefndarinnar um að bæta við aðstoðar-

yfirhjúkrunarkonu, umsjónarmanni og viðgerðarmanni hefur ekki verið tekin til greina.

D. *Kristneshæli*. Gert er ráð fyrir því, að allur þvottur sé þveginn heima í hinu nýja þvottahúsi hælisisins, og verður að því verulegur sparnaður.

E. *Kleppsspítalinn*. Tillaga stjórnarnefndarinnar um að bæta við umsjónarmanni og viðgerðarmanni hefur ekki verið tekin til greina.

F. *Hold sveikraspítalinn í Kópavogi*. Launin lækka nokkuð, þar eð yfirhjúkrunarkonan og ráðskonan starfa nú einnig við fávitahælið.

G. *Fávitahælið í Kópavogi*. Áætlun stjórnarnefndarinnar hefur verið tekin óbreytt að mestu.

I. *Blóðbankinn*. Í áætlun stjórnarnefndarinnar eru forstöðumanninum ætluð sömu laun og yfirlæknar Landsspítalans hafa, eða tæp. 55 þús. kr. auk verðlagsuppbótar. Ráðuneytið hefur ekki enn tekið afstöðu til þess, hversu há laun það mun samþykkja forstöðumanninum til handa, og hefur því tekið áætlunina óbreytta í frumvarpið.

V. *Til berklavarna*. Styrkur til berklasjúklinga lækkar um 66 500 kr., þar eð gert er ráð fyrir 126 700 legudögum í stað 128 500 í fjárlögum þessa árs. Sýklarannsóknir hækka um 60 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr.

VI. *Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla*. Þessi liður hækkar um 382 700 kr. Er þar gert ráð fyrir 106 000 legudögum á Kleppi í stað 102 000 í fjárlögum þessa árs, og á öðrum geðveikideildum 15 000 legudögum í stað 13 000. Þá er gert ráð fyrir 32 vistmönnum í hinu nýja fávitahæli í Kópavogi í stað 24 í fjárlögum nú. Enn fremur er reiknað með verulegri fjölgun legudaga vegna ýmissa langvarandi sjúkdóma, en nálega jafn mikilli lækkun á ellisjúkdómum.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum* er hækkaður um 50 þús. krónur.

IX. *Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga* er settur jafnhár og í síðasta fjárlagafrumvarpi.

XII. *Til fávitahælis í Skálatúni*. Byggingarstyrkur þessi er settur hér sem sérstakur liður á 12. gr. Styrkurinn var tekinn upp á síðasta Alþingi, og þá færður með ríkisspítöllum, en er þeim óviðkomandi.

XIII. *Til ónæmisáðgerða*. Samkvæmt reynslu er liðurinn hækkaður um 5 þús. kr.

XIV. *Kostnaður vegna varna gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands*. Heilbrigðismálastjórnin hefur nú í undirbúningi ný lög um sóttvarnir til samræmingar alþjóðlegum sóttvarnarsamningi. Verði þetta frumvarp að lögum, mun sóttvarnarkostnaður aukast verulega. Hefur landlæknir stungið upp á, að liðurinn yrði áætlaður 50 þús. kr., og er það þó hrein ágizkun. Að svo stöddu telur ráðuneytið þó ekki ástæðu til að reikna með þessum útgjöldum, og hefur því sett liðinn óbreyttan, 2 þús. kr. Þess má og geta, að af samþykkt áðurnefnds frumvarps mundi einnig leiða verulegan útgjaldaauka fyrir tollgæzluna, þar eð tekjur af sóttvarnargjöldum myndu að mestu falla niður. Hefur tollstjóri áætlað þann kostnaðarauka 70 þús. kr. á næsta ári.

XX. *Kostnaður við eyðing á rottum* hækkar um 10 þús. kr.

XXIV. *Ferðastyrkur á 2. alþjóðakrabbameinsþing*, 30 þús. kr., er nýr liður. Styrkurinn veitist aðeins á næsta ári.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða*. Grunnlaun lækka lítið eitt vegna mannskipta. Samkvæmt reynslu verður að hækka ferðakostnaðarfé um 100 þús. kr., en í stað þess er fært 100 þús. kr. meira af kostnaðinum á ýmis verk. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 50 þús. kr.

II. *Þjóðvegir*. Til nýrra þjóðvega eru ætlaðar 8.1 millj. kr., sem er sama fjárhæð og í fjárlagafrumvarpinu í fyrra. Til viðhalds fór vegamálastjóri fram á að

veittar yrðu 23 millj. kr. og auk þess 2 millj. kr. til endurbóta á aðalleiðum. Ráðuneytið telur þó ekki unnt að veita meira en 21 millj. kr., eða jafn mikið og í fjárlögum þessa árs.

III. *Brúargerðir*. Lagt er til að veittar verði 3.1 millj. kr.

VI. *Til sýsluvega*. Síðasta Alþingi samþykkti hækkun framlags til sýsluvega-sjóða um 50%. Er því lagt til að fjárveitingin hækki úr 950 þús. kr. í 1.5 millj. kr.

VIII. *Til ferjuhalds*. Vegamálastjóri hefur áætlað að styrkir til þeirra ferja, sem nú eru starfræktar, muni á næsta ári verða samtals 3 þús. kr. Er það áætlað ferjum á Hvitá í Árnassýslu hjá Auðsholti, Lagarfljóti hjá Steinavaði og Þjórsá hjá Hrossholti. Á næsta ári er fyrirhugað, að sett verði vélknúin stór ferja á Hornafjarðarfljót. Árlegur rekstrarhalli er áætlaður 60 þús. kr., og þar eð gert er ráð fyrir að starfræksla hefjist um mitt næsta ár, er farið fram á 30 þús. kr. styrk á næsta ári. Liðurinn er því alls 33 þús. kr.

XII. *Iðgjald til slysatryggingarinnar* hækkar um 20 þús. kr.

XIII. *Gjöld samkv. lögum um orlof* hækka um 225 þús. kr. Gjöld þessi eru of lágt áætluð í fjárlögum þessa árs, en auk þess var orlofsfé hækkað á síðasta Alþingi úr 4% í 5%.

Niður falla fjárveitingar til ræktunarvega og til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgæð ríkisins*. Rekstrarhalli strandferðanna er í frumvarpinu áætlaður 6.5 millj. kr. Er það tæpl. 1.5 millj. kr. herra en í fjárlögum þessa árs, en nokkru lægra en í áætlun forstjórans. Í þessari áætlun eru útgjöld áætluð svipuð og gert var á fyrra ári, en forstjórinn telur, að tekjur hafi minnkað verulega að undanfögnu, og verði því að gera ráð fyrir auknum halla.

II. *Til flóabáta og vöruflutninga* er lagt til að veittar verði 1 250 þús. kr.

III. *Ferðaskrifstofa ríkisins*. Grunnlaun hækka um 4 800 kr. vegna aldurshækkana. Annar skrifstofukostnaður lækkar um 2 þús. kr. Til landkynningar er áætlað 20 þús. kr. meira en í fjárlögum þessa árs, og tekjur eru áætlaðar 25 þús. kr. hærri. Rekstrarhalli verður þá lítið eitt hærri en í fjárlögum þessa árs, og greiðist úr sérleyfissjóði sem að undanfögnu.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vitamála*. Grunnlaun hækka um 1 652 kr. vegna aldurshækkana. Af launum verkfræðinga o. fl. eru 230 þús. kr. færðar á hafnir, eða nokkru lægra en í fyrra samkvæmt tillögu vitamálastjóra. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 20 þús. kr. vegna póst- og símakostnaðar, sem flytzt frá 11. gr. D.

II. *Laun vitavarða*. Grunnlaun hækka um 8 450 kr. og aukagæzla og aðstoð um 8 þús. kr. vegna fjölgunar á vitum.

III. *Rekstrarkostnaður vitanna*. Rekstur vitaskipsins hækkar um 10 þús. kr. og rekstur vitanna um 100 þús. kr. vegna fjölgunar á vitum.

VII. *Fyrning* lækkar um 20 þús. kr.

VIII. *Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta* er lagt til að veittar verði 4 475 þús. kr.

IX. *Framlag til hafnarbótasjóðs samkv. lögum* hækkar um 295 þús. kr.

Niður fellur fjárveiting til róðrarmarkja í Faxaflóa.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála*. Laun fulltrúa og bókara, sem hér hafa verið talin áður, eru nú færð á Loftferðaefirlit. Grunnlaun lækka því um rúml. 59 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr. Endurgreiðsla vegna alþjóðaflugþjónustu hækkar um 4 þús. kr.

II. Reykjavíkurflugvöllur.

1. Lendingarstjórn. Grunnlaun lækka um tæpl. 85 þús. kr., þar eð laun þriggja aðstoðarflugumferðarstjóra eru færð á lið V. Innanlandsflugstjórn. Annar kostnaður, sem er 30% af „öðrum kostnaði“ vegna flugumferðarstjórnar (70% færast á alþjóðaflugþjónustu), er áætlaður 20 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs, og er það í samræmi við áætlun vegna alþjóðaflugþjónustu (liður XIII. 1.).

3. Sjóflughöfn. Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar samkvæmt reynslu um 5 þús. kr.

4. Vélaverkstæði. Grunnlaun óbreytt. Aðrir kostnaðarliðir breytast nokkuð og hækka samtals um 10 þús. kr. Á móti því kemur 50 þús. kr. tekjuhækkun.

5. Trésmíðaverkstæði. Rekstrarkostnaður verkstæðisins er áætlaður 40 þús. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs, og tekjur 50 þús. kr. lægri.

6. Viðhald og varðveisla mannvirkja. Launin eru nú sundurliðuð, þannig að laun fastráðinna verkstjóra koma fram sérstaklega. Samtals lækka launagreiðslur um nál. 100 þús. kr., en efni, aðkeypt vinna, viðgerðir o. fl. hækkar um 100 þús. kr.

7. Annar kostnaður, þ. e. raforka, tryggingar og opinber gjöld, er áætlað 60 þús. kr. herra en í fjárlögum þessa árs.

III. Keflavíkurflugvöllur.

2. Lendingarstjórn. Kostnaður, annar en laun, hækkar um 20 þús. kr.

3. Flugumsjón. Grunnlaun lækka um tæpl. 7 þús. kr. vegna mannaskipta. Annar kostnaður var of lágt áætlaður og hækkar um 40 þús. kr.

4. Flugvélaafgreiðsla. Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana. Laun afgreiðslumanna annarra en fastra starfsmanna hækka um rúml. 50 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr.

5. Tryggingargjöld lækka um 33 þús. kr.

6. Viðhald húsa og rekstur rafstöðvar hækkar um 45 þús. kr.

IV. Aðrir flugvellir og sjóflughafnir lækka um 40 þús. kr.

V. Innanlandsflugstjórn. Þetta er nýr liður, sem tekinn er upp í samræmi við breytta tilhögun á flugstjórninni. Flugstjórnin á hinu svonefnda Suðursvæði er reyndar óbreytt, og starfa þar 3 menn, sem áður voru taldir undir Lendingarstjórn á Reykjavíkurflugvelli. Þar er því aðeins um að ræða tilfærslu á launum, en annar kostnaður er áætlaður 15 þús. kr. Hins vegar er flugstjórnin á svonefndu Norðursvæði með bækistöð á Akureyri nýjung. Er þar í launalið reiknað með einum flugumferðarstjóra, en annar kostnaður, þar með talin laun aðstoðarmanns, er áætlaður 35 þús. kr.

VI. Rekstur fjarskiptastöðva hækkar um 30 þús. kr. vegna nýrra radióvita, sem settir hafa verið upp á aðalflugleiðunum innanlands.

X. Þjálfun starfsmanna í flugvallarekstri lækkar um 50 þús. kr.

XII. Loftferðaeftirlit. Grunnlaun hækka sem nemur launum tveggja starfsmanna, er flytjast af lið I., stjórn flugmála. Jafnframt er kostnaðurinn sundurliðaður.

XIII. Alþjóðaflugþjónustan. Kostnaður á þessum lið lækkar nokkuð, auk þess sem alþjóðatillag hækkar úr 88% í 90%. Nettókostnaður lækkar því um 212 þús. kr.

XIV. Framlag til veðurþjónustu erlendis.

1. Framlag til veðurþjónustu á Grænlandi hefur að undanförmu verið fært með áætlun Veðurstofunnar á 15. gr. B., en þar eð flugráð annast greiðsluna er talið eðlilegra að flytja liðinn á þessa grein. Alþjóðaflugmálastofnunin reiknar framlagið út í samræmi við hundraðstölu íslenzkrar flugumferðar á Norður-Atlantshafi og milli Íslands og Grænlands. Á fjárlögum þessa árs eru veittar 60 þús. kr., en það hefur reynzt allt of lágt, og er því hér farið fram á 135 þús. kr.

2. Til veðurskipa á Norður-Atlantshafi greiðir Ísland samkvæmt samningi við alþjóðaflugmálastofnunina £1 000 á ári. Þessi greiðsla hefur ekki verið tekin í fjárlög fyrr.

Kostnaður við tæknilega aðstoð fellur niður.

Tekjur af flugvöllum eru samtals áætlaðar 25 þús. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs.

Um 14. gr. A.

I. *Biskupsembættið*. Grunnlaun hækka um 702 kr. vegna aldurshækkana. Ljós og hiti í biskupsbústaðnum hækkar um 2 000 kr. og risna um 4 000 kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta*.

1. Laun. Fylgt er áætlun biskups um launin, og er þá reiknað með, að 100 prestar verði á fullum launum og 10 á byrjunarlaunum. Verða þá 6 prestaköll prestslaus, en þar skiptast byrjunarlaun á milli þjónandi prests og prestakallasjóðs. Auk þess þarf enn að greiða hálf byrjunarlaun fyrir þjónustu Kollafjarðar-ness-prestakalls, sem lagt var niður með nýju prestakallalögum.

3. Síma- og frímerkjakostnaður presta, 40 þús. kr., er nýr liður hér, fluttur af 11. gr. D.

Um 14. gr. B.

I. a. *Háskóli Íslands*. Grunnlaun hækka um 12 763 kr., aðallega vegna launahækkunar hjá einum kennara. Risna rektors er hækkuð um 2 500 kr. Stundakennsla og landmælingar hækka um 8 þús. kr. Áhaldakaup læknadeildar lækka um 10 þús. kr. Ýmis útgjöld hækka um 20 þús. kr.

b. *Tilraunastöðin á Keldum*. Grunnlaun hækka aðeins vegna aldurshækkana. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. Forstöðumaðurinn hefur áætlað tekjur stöðvarinnar á næsta ári 170 þús. kr., en með tilliti til þess, að þær urðu 533 þús. kr. á síðastliðnu ári, hefur ráðuneytið áætlað þær 275 þús. kr., svo að rekstrarhallinn verður lítið eitt lægri en í fjárlögum þessa árs.

II. *Námsstyrkir*. Samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins er hér bætt við nýjum lið, til leiðbeiningarskrifstofu um nám erlendis, 13 500 kr. Liður þessi hefur áður verið á fjárlögum, en þó ekki síðustu 3 árin.

III. *Fræðslumálastjóraembættið*. Samkvæmt reyngu er annar kostnaður hækkaður um 25 þús. kr.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík*. Grunnlaun hækka um 27 378 kr. vegna þess að laun ritara á skrifstofu rektors eru nú talin með föstum launum, en voru áður færð með stundakennslu. Stundakennsla hækkar um 36 þús. kr. vegna visitöluhækkunar og fjölgunar bekkjardeilda. Var í fyrra reiknað með 21 bekkjardeild, en þær urðu 22 á síðastliðnum vetri, og er reiknað með, að svo verði einnig næsta vetur. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 10 þús. kr.

V. *Menntaskólinn á Akureyri*. Stundakennsla lækkar um 53 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir 12 bekkjardeildum í stað 13 áður. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni*. Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir launum til þriggja kennara, auk skólastjórans, en þar eð nú hafa verið skipaðir 4 kennarar, hækka grunnlaun sem því nemur. Þar eð skólinn er nýtekinn til starfa, er ekki vitað með neinni vissu, hver kostnaðurinn raunverulega verður, en stundakennsla er áætluð 50 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs, húsnæði, ljós og hiti 5 þús. kr. hærri og prófkostnaður 1 500 kr. hærri.

VII. *Kennaraskólinn*. Bætt er við einum kennara með full laun og öðrum með ½ laun, og hækka grunnlaun sem því nemur. Í stað þess lækkar stundakennsla um 26 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 5 þús. kr., en bækur og áhöld lækka um 5 þús. kr. og viðhald um 5 þús. kr.

Í handiðadeild hækkar stundakennsla um 500 kr., og annar kostnaður er sundurliðaður, en óbreyttur að fjárhæð.

Stofnstyrkur til Handiðaskólans fellur niður.

VIII. *Stýrimannaskólinn*. Niður fellur fjárveiting til kaupa á radartækjum.

IX. *Vélstjóraskólinn*. Grunnlaun hækka um 8 280 kr. vegna aldurshækkana. Stundakennsla hækkar um 70 þús. kr. vegna fjölgunar bekkjardeilda. Hiti, ljós

og ræsting hækkar af sömu ástæðu um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr. Niður fellur fjárveiting til niðursetningar á vélum.

X. *Sjómannaskólahúsið*. Annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr. vegna lækkunar á eldsneyti, en tekjur hækka um 8 þús. kr.

XI. *Búnaðarkennsla*.

1. Bændaskólinn á Hólum. Grunnlaun lækka um 3 450 kr. vegna mannskipta.

2. Bændaskólinn á Hvanneyri. Stundakennsla hækkar um 500 kr. Liðurinn „viðhald og annar kostnaður“ skiptist á þrjá liði með óbreyttri fjárhæð. Niður fellur fjárveiting til vélaverkstæðis.

3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 3 þús. kr., viðhald skólahúsa um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 7500 kr. Niður fellur fjárveiting til raforkuframkvæmda.

XIV. *Almenn barnafræðsla*.

1. *Laun kennara í föstum skólum*. Samkvæmt upplýsingum frá fræðslumála-skrifstofunni hefur fjölgun barnakennara í fyrrahaust orðið mun minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs, og áætlað hún nú grunnlaunin 17 þús. kr. lægri en í fyrra. Hins vegar hefur komið í ljós veruleg skekkja í útreikningi skrifstofunnar á verðlagsuppbót í fyrra, og hækkar því sá liður nú um 1 362 þús. kr.

2. *Laun farkennara* (grunnlaun) lækka um 15 þús. kr.

4. *Kennslueftirlit*. Uppsetningu á liðnum er nú breytt þannig, að laun fræðslu-fulltrúa í Reykjavík eru sett í sérstakan lið, og þar undir skrifstofukostnaður hans, sem að undanfögnu hefur verið greiddur með rekstrarkostnaði barnaskólanna. Í stað ferðakostnaðar námsstjóranna, 70 þús. kr., kemur „annar kostnaður“, 80 þús. kr.

5. *Til framkvæmdar sundskyldu í barnaskólum*. Liðurinn hækkar samkv. reynslu og vegna fjölgunar sundstaða um 35 þús. kr.

7. *Til fyrrverandi barnakennara*. Lækkar um 2 500 kr.

8. *Ráðskonukaup við heimavistarskóla*. Grunnlaun hækka um 15 þús. kr. vegna fjölgunar ráðskvenna.

10. *Endurgreiðsla á ¼ af rekstrarkostnaði barnaskólanna* hækkar um 300 þús. kr. samkvæmt áætlun fræðslumálastjóra.

XV. *Gagnfræðamenntun*.

1. *Alþýðuskólinn á Eiðum*. Bætt er á launaskrá einum kennara, sem verið hefur lausráðinn undanfarin ár. Grunnlaun hækka vegna þessa og aldurshækkana um 28 980 kr. Aukakennsla lækkar í þess stað um 25 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækka um 5 þús. kr., en niður fellur fjárveiting til viðgerða á rafveitu.

2. *Til héraðs- og gagnfræðaskóla*. Grunnlaun hækka um 112 þús. kr. Hækkunin stafar af aldursuppbótum, svo og því, að bætt er við 2 orlofskennurum. Hluti ríkissjóðs í öðrum rekstrarkostnaði hækkar um 363 þús. kr.

4. *Til námsstjóra*. Grunnlaun voru of hátt reiknuð í fyrra og lækka um 1 035 kr. Tekinn er upp nýr liður, kostnaður við fjármálaeftirlit. Einum námsstjóranna hefur verið falið að hafa eftirlit með framkvæmd fræðslulaganna, fjárreiðum skólanna og að sannprófa réttmæti á kröfum bæjar- og sveitarfélaga á hendur ríkissjóði, vegna stofn- og rekstrarkostnaðar gagnfræðastigsskóla, húsmæðra-skóla og allra skólamála Reykjavíkurbæjar.

9. *Til Handiðaskólans*. Samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins miðast styrkur til Handiðaskólans nú aðeins við laun skólustjóra.

XVI. *Húsmæðrafræðsla*.

1. *Til húsmæðraskóla*. Grunnlaun lækka um 48 þús. kr. vegna samdráttar í húsmæðrafræðslunni.

2. *Til byggingar húsmæðraskóla* er lagt til að veittar verði 440 þús. kr. á næsta ári.

Niður falla fjárveitingar til húsmæðraskóla Ingibjargar Jóhannsdóttur og Árnýjar Filippusdóttur.

3. *Til húsmæðrakennaraskólans.* Grunnlaun lækka um 2 645 kr. vegna mannskípta. Annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr.

4. *Til námsstjóra.* Námsstjórinn hefur að undanfögnu fengið $\frac{1}{2}$ launa, en starfið er nú talið svo umfangsmikið, að eigi verði komið hjá að greiða fyrir það full laun. Grunnlaun hækka því um 11 040 kr.

XVII. *Til íþróttamála.*

1. *Til íþróttakennaraskóla ríkisins.* Grunnlaun lækka vegna mannskípta um 4 140 kr. Bætt er við nýjum lið, „annar kostnaður“, 3 þús. kr. Kaup á landi og húseignum af Laugarvatnsskóla lækkar um 50 þús. kr., og fjárveiting til viðhalds og hitalagnar í fimleikahús skólans fellur niður.

XVIII. *Til kennslu heyrnar- og málleysisinja.* Grunnlaun hækka um 2 300 kr. vegna aldurshækkana. Kaup starfsstúlkna lækkar um 4 þús. kr., og annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr. Til áhaldakaupa eru veittar 15 þús. kr.

XX. *Kostnaður við barnaverndarráð* hefur verið of lágt áætlaður að undanfögnu og lækkar um 14 þús. kr.

XXV. *Til Skáksambands Íslands.* Hækkun um 5 þús. kr.

XXVIII. *Til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna.* Grunnlaun hækka um 2 070 kr. vegna aldurshækkunar.

XXIX. *Styrkur til erlendra manna í íslenzkum skólum* lækkar um 50 þús. kr.

Niður fellur fjárveiting til dr. Sveins Bergsveinssonar, til rannsókna á íslenzkri hljóðsögu og framburði í íslenzku.

Um 15. gr. A.

I. *Landsbókasafnið.* Grunnlaun hækka um 6 230 kr. vegna mannskípta. Ýmisleg gjöld hækka um 5 þús. kr.

III. *Þjóðminjasafnið.* Grunnlaun hækka um 1 413 kr. vegna aldurshækkunar. Liðurinn „til aðstoðar, tímavinnu o. fl.“ lækkar um 15 þús. kr., þar eð sýningar-tímum safnsins var fjölgað úr 7 klst. í 9 á viku síðastliðið vor, og gæzlukonum var fjölgað um tvær, þegar opnuð var kirkjudeild safnsins. Rekstrarkostnaður hússins lækkar um 10 þús. kr. vegna hækkunar á fasteignagjöldum í byrjun þessa árs. Niður fellur fjárveiting til kaupa á kvikmynd Vigfúsar Sigurgeirssonar frá ferðum forseta Íslands.

IV. *Listasafn ríkisins.* Safnvörður hefur nú verið skipaður með hærri laun-um en áður var. Grunnlaun hækka því um 3 708 kr.

V. *Náttúrugripasafnið.* Grunnlaun hækka um 702 kr. vegna aldurshækkunar. Rannsóknir og ferðakostnaður lækkar um 2 þús. kr.

VII. *Safnahúsið.* Ýmis gjöld hækka um 5 þús. kr., en innrétting í Safnhúsinu lækkar um 50 þús. kr. Niður fellur fjárveiting til viðgerðar á þaki Safnahússins.

VIII. *Styrkir til bókasafna og lesstofa.* Bætt er við styrkjum til sýslubóka-safna Vestur-Barðastrandarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu, 3 þús. kr. til hvors.

IX. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.*

17. Styrkur til Norræna félagsins lækkar um 7 þús. kr., sem veittar eru í fjárlögum þessa árs vegna móttöku norrænna kennara sumarið 1953.

XII. Tekstanum er breytt vegna nafnbreytingar á skólanum.

XVIII. *Til Thoru Friðriksson til ritstarfa.* Hækkar um 500 kr.

XIX. *Til Sigurðar Skagfields til söngkennslu.* Hækkar um 5000 kr.

XXII. *Til leiklistarstarfsemi.* Styrkur til leikfélags Hafnarfjarðar er hækkaður í 5 000 kr., og styrkir til annarra leikfélaga hækkaðir í 3 000 kr., þeir er lægri voru.

XXXIII. Nýr liður, til Jóns Sigurbjörnssonar, til söngnáms á Ítalíu, 8 000 kr. Niður falla þessir liðir:

Til Jóns Leifs, tónskálds, 5 þús. kr., til Guðmundu Elíasdóttur, til söng- og leiklistarnáms í Bandaríkjum Norður-Ameríku, 8 þús. kr., til Sigríðar Tómasdóttur í Brattholti, vegna brunatjóns og í viðurkenningsarkyni, 10 þús. kr., vegna

móts norrænna lögfræðinga, 15 þús. kr., vegna stjórnarfundar norræna embættis-
mannasambandsins, 15 þús. kr., til minnisvarða Stephans G. Stephanssonar, 20
þús. kr., og til byggðasafns Rangæinga, til að byggja skýli yfir skipið Pétursey,
5 þús. kr.

Um 15. gr. B.

I. *Atvinnudeild háskólans.*

1. Iðnaðardeild. Grunnlaun hækka um 13 916 kr. vegna aldurshækkana. Tekjur eru áætlaðar 20 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs.

2. Fiskideild. Deildarstjóri hefur fengið leyfi frá störfum á næsta ári með $\frac{1}{2}$ launum, en í stað hans kemur nýr starfsmaður með full laun. Aðstoðarstúlkum fækkar um eina. Grunnlaun hækka samtals um 10 327 kr.

3. Landbúnaðardeild. „Annar kostnaður“ við tilraunabúið á Hesti hækkar um 56 þús. kr., þar eð hann hefur reynzt allt of lágt áætlaður, en jafnframt hækka tekjur um 60 þús. kr.

4. Vítamínrannsóknir. Launin eru sett upp sérstaklega. Liðurinn hækkar alls um rúml. 6 þús. kr.

5. Sameiginlegur kostnaður. Grunnlaun hækka um 1 404 kr. vegna aldurs-
hækkana. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 30 þús. kr. vegna aukins húsnæðis. Húsaleiga í leiguhúsnæði hækkar um 12 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr. Tekjur frá happdrætti háskólans o. fl. hækka um 60 þús. kr.

II. *Rannsóknastofa háskólans.* Grunnlaun hækka um 33 700 kr., einkum vegna þess, að bætt hefur verið við einni aðstoðarstúlkunni. Annar kostnaður hefur reynzt of lágt áætlaður og hækkar um 15 þús. kr. Tekjur af rannsóknunum lækka um 95 þús. kr., þar eð tekjur af blóðrannsóknunum munu færast yfir til blóðbankans.

III. *Til rannsóknaráðs.* Rannsóknakostnaður er hækkaður um 20 þús. kr.

IV. *Veðurstofan.*

1. Almenn veðurbjónusta. Bætt er við einum veðurfræðingi og einn af starfs-
mönnum gerður að skrifstofustjóra. Þá eru á launaliðnum færð laun aðstoðar-
stúlkunni, sem áður voru færð á flugveðurbjónustuna. Stúlka þessi vinnur mest-
megnis fyrir flugveðurbjónustuna, en breytingin er gerð vegna þess, að ICAO
hefur ekki samþykkt að endurgreiða laun stúlkunnar beinlínis, en mun í þess
stað greiða ákveðna fjárhæð, 45 þús. kr. Vegna þessa og aldurshækkana hækka
grunnlaun um 71 443 kr. Á móti starfsmannafjölguninni kemur svo lækun á
aukavinnu um 35 þús. kr. Aðrir kostnaðarliðir hækka samtals um 120 þús. kr.
Munar þar mest um liðinn „áhöld, loftskeytatæki o. fl.“, sem hækkar um 60 þús.
kr., enda hefur hann reynzt allt of lágt áætlaður að undanfögnu. Til endurgreiðslu
koma áður nefndar 45 þús. kr. frá ICAO og auk þess 10% af beinum kostnaði við
flugveðurbjónustuna. Er sú fjárhæð áætluð nokkru lægri en í fjárlögum þessa árs.

2. Veðurbjónusta vegna millilandaflugs. Gert er ráð fyrir 4 nýjum starfs-
mönnum, 2 veðurfræðingum og 2 aðstoðarmönnum, en laun einnar aðstoðar-
stúlkunni eru, sem áður getur, færð á almenna veðurbjónustu. Ráðuneytið hefur
tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta í frumvarpið, þar eð hún er í samræmi
við áætlun þá, er send er ICAO, og í trausti þess, að ekki sé þar um aðra útgjalda-
liði að ræða en þá, sem ICAO samþykkir að endurgreiða 90% af.

Framlag til veðurbjónustu á Grænlandi er nú fært á 13. gr. D.

VII. *Til sjómælinga.* Grunnlaun lækka lítið eitt, og mun það stafa af skekkju
í áætlun í fyrra. Á fjárlögum þessa árs eru veittar 100 þús. kr. til tækjakaupa vegna
sjúkortaprentunar. Sá liður fellur nú niður, en í þess stað er farið fram á 50 þús.
kr. vegna yfirtöku og heimflutnings íslenskra hluta danska sjúkortasafnsins.

VIII. *Til húsameistara ríkisins.* Húsameistara hefur verið heimilað að ráða
nýjan starfsmann til bráðabirgða, til að vinna að teikningum að bindindishöll.
Laun hans eru hér færð á liðinn „annar kostnaður“. Sá liður var auk þess of lágt
áætlaður áður, og er því hækkaður um 55 þús. kr. Tekjur af vinnu teiknistof-
unnar eru áætlaðar 60 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands.* Liðurinn hækkar um 40 þús. kr. vegna hækk-
aðra verðlagsuppbóta.

4. *Til búreikningaskrifstofu.* Hækkar um 5 þús. kr.

5. *Gjöld samkvæmt jarðræktarlögum:*

A. Lögboðinn hluti af kaupum héraðsráðunauta hækkar um tæpl. 9 þús. kr.
vegna aldurshækkana og aukinna verðlagsuppbóta.

B. Jarðræktarframlög eru áætluð 700 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs,
og framræslustyrkur 250 þús. kr. hærri.

6. *Gjöld vegna laga um jarðræktar- og húsaðgerðarsamþykktir í sveitum.*
Styrkir til kaupa á jarðræktarvélum lækka um 150 þús. kr., og styrkir samkv.
21. gr. laganna lækka um 100 þús. kr.

8. *Til búfjárræktar.* Allir liðirnir hækka nokkuð, aðallega vegna aukinnar þátt-
töku í búfjárræktarfélagunum. Hækkunin nemur samtals tæpl. 65 þús. kr.

14. *Til fyrirhleðslu í Þverá og Markarfljóti.* Lagt er til, að liðurinn hækki um
100 þús. kr.

18. *Til sandgræðslu.* Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana. Sand-
græðslutilraunir hækka um 25 þús. kr., en ýmis gjöld lækka um sömu fjárhæð.

21. *Til skógræktar.* Grunnlaun hækka um 2 632 kr. vegna aldurshækkana.
Skrifstofukostnaður hækkar um 4 þús. kr. og vextir og afborganir af skuldum um
15 þús. kr.

25. *Veðimálaskrifstofan.* Í fjárlögum þessa árs eru veittar 90 þús. kr. til kostna-
ðar vegna laga um lax- og silungsveiði. Landbúnaðarráðuneytið hefur lagt til, að
starfsmönnum veðimálaskrifstofunnar verði fjölgað á ný og hefur þetta ráðuneyti
fallið á það. Er því lagt til, að fjárveitingin hækki um rúml. 52 þús. kr.

26. *Kostnaður vegna eyðingar refa og minka* hefur reynzt of lágt áætlaður,
og hækkar því um 50 þús. kr.

27. *Til dýralækna.* Grunnlaun hækka aðeins vegna aldurshækkunar.

30. *Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir.* Fjárskiptabæturnar lækka nú
mjög verulega, og sömuleiðis flutningskostnaður, en viðhald girðinga og endur-
bætur hækkar um 100 þús. kr. Kostnaður við sauðfjársjúkdómamefnd hefur reynzt
of lágt áætlaður og hækkar um 15 þús. kr. Lækkun á liðnum í heild nemur 7 410
þús. kr.

31. *Til rannsókna á garnaveiki.* Fjárveitingin hefur ekki nægt að undan-
förnu, og er því lagt til, að hún hækki um 30 þús. kr.

Niður falla þessir liðir:

Til umbóta á Reykhólum, 25 þús. kr., til fyrirhleðslu í Hólmsá í Austur-
Skaftafellssýslu, 75 þús. kr., til fyrirhleðslu í ós Bessastaðatjarnar, 125 þús. kr.,
til sjóvarnargarðs í Gerðum, 50 þús. kr., til fyrirhleðslu í Héraðsvötnum, 70 þús.
kr., til endurbyggingar á flóðgátt í Leiðvallahreppi, 50 þús. kr., til landþurrkunar
á Eyrarbakka, 20 þús. kr., til landþurrkunar í Austur- og Vestur-Landeyjum, 40
þús. kr., kostnaður vegna norræns búnaðarmóts á Íslandi, 25 þús. kr., til tilrauna-
bús nautgriparæktarsambands Suðurlands í Laugardælum, 225 þús. kr., og styrkur
vegna byggingar tilraunafjóss, 30 þús. kr.

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands.* Lagt er til, að fjárveitingin hækki um 37 þús. kr.

3. *Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.* Hækkar um 500 kr. vegna auk-
inna verðlagsuppbóta.

7. *Til kaupa og uppsetningar á asdic-tæki í varðskipið Ægi* er nýr liður, 800
þús. kr. Í samræmi við ályktun síðasta Alþingis um hafrannsóknaskip og fiskileit
er áformað að gera varðskipið Ægi að hafrannsóknaskipi. Asdic-tækinu hefur
þegar verið komið fyrir í skipinu, og er það talið reynast vel.

Niður fellur byggingarstyrkur til fiskideildanna í Norðlendingafjórðungi, 20
þús. kr.

Um 16. gr. C.

2. *Til eflingar upplýsingarstarfsemi og skýrslusöfnunar fyrir iðju- og iðnrekstur.* Lagt er til, að liðurinn hækki um 100 þús. kr.

5. *Til iðnráða.* Hækkar um 10 þús. kr.

Um 16. gr. D.

Grunnlaun við raforkumálin hækka aðeins vegna aldurshækkana, en er skipt milli deildanna nokkuð á annan veg en áður.

II. *Áætlana- og mælingadeild.* Skrifstofukostnaður hækkar um 15 þús. kr., mælingar og aðstoð um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr. Á móti því koma auknar tekjur frá bæjarfélögum, einstaklingum og fyrirtækjum um 60 þús. krónur.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins.* Vegna aukinnar starfsemi hækka gjöldin mjög verulega, eða úr 7 973 þús. kr. í 10 536 þús. kr. Tekjur hækka nær jafnmikið, þannig að rekstrarhalli er áætlaður 400 þús. kr. í stað 200 þús. kr. á fjárlögum þessa árs. Eins og áður, er áformað að taka bráðabirgðalán af varasjóðstillagi rafveitnanna til greiðslu á rekstrarhallanum.

V. *Til nýrra raforkuframkvæmda.* Í samræmi við málefнасamning þann, sem gerður var um myndun núverandi ríkisstjórnar, er lagt til, að framlög til raforkuframkvæmda hækki um 7 millj. króna. Er því fé skipt þannig, að framlag til nýrra raforkuframkvæmda hækki um 2 millj. kr. og framlag til raforkusjóðs um 5 millj. kr.

VI. *Til virkjunarrannsókna í stóráam landsins* er nýr liður, 400 þús. kr.

VIII. *Rafmagnseftirlit ríkisins.* Skrifstofukostnaður hækkar um 15 þús. kr., ferðakostnaður um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 23 þús. kr., en á móti því hækka tekjur um 47 þús. kr., þannig að tekjur og gjöld standast á.

X. *Raforkusjóður.* Hækkar um 5 millj. kr., svo sem áður segir.

XI. *Jarðboranir og gufuvirkjunarrannsóknir.* Rekstrarkostnaður bora lækkar um 140 þús. kr., en skrifstofukostnaður hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. Tekjur hækka um 50 þús. kr.

Niður fellur fjárveiting til jarðborana vegna kolarannsóknna á Skarðsströnd.

Um 17. gr.

1. *Tillag til bjargráðasjóðs* er með lögum ákveðið 2 kr. á hvern íbúa landsins, og hækkar því lítið eitt á hverju ári.

4. *Gjöld samkv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga.* Lagt er til, að liðurinn hækki um 25 þús. kr.

6. *Gamalmennahæli.* Hækkar um 10 þús. kr. vegna fjölgunar elliheimila.

13. *Til athugunarstöðvar samkv. 36. gr. l. nr. 29/1947.* Lagt er til að veittar verði 100 þús. kr.

17. *Til bindindisstarfsemi.* Niður fellur fjárveiting til norræns bindindisþings í Reykjavík 1953.

24. *Til Jöfnunarsjóðs.* Lagt er til, að framlagið hækki um 250 þús. kr.

25. *Tillag til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna* hækkar um 24 þús. kr. vegna aukinna framlaga frá sveitarfélögum.

Fjárveiting til kreppulánasjóðs fellur niður.

28. *Kostnaður við framkvæmd orlofslaganna* hækkar um 140 þús. kr.

33. *Tillag til International Labour Organization* hækkar um 13 600 kr.

34. *Tillag til Sameinuðu þjóðanna (UN).* Hækkar um 8 226 kr.

35. *Tillag til Food and Agricultural Organization (FAO).* Lækkar um 367 kr.

36. *Tillag til World Health Organization (WHO).* Lækkar um 114 kr.

37. *Tillag til Organization of the European Economic Cooperation (OECE).* Lækkar um 16 931 kr.

38. *Tillag til Evrópuráðsins.* Hækkar um 13 272 kr.

41. Tillag til Atlantshafsbandalagsins (NATO). Hækkar um 32 913 kr.
 42. Tillag til tollanefndar Evrópu. Hækkar um 97 kr.
 43. Tillag til tækniástoðar sameinuðu þjóðanna er nýr liður, 45 700 kr.

Um 18. gr.

III. Framlag ríkissjóðs samkv. 10. gr. l. 101/1943 og 8. gr. l. 102/1943, framlag til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóðs barnakennara (6% af launum), er áætlað að hækki um 240 þús. kr.

VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri er áætlað að hækki um 350 þús. kr.

Um 19. gr.

1. Til dýrtiðarráðstafana. Lagt er til, að fjárveitingin hækki um 6.7 millj. kr., og er að því vikið á bls. 71 hér að framan.

Fjárveiting vegna vantalinna verðlagsuppbótar fellur niður.

Um 20. gr.

Inn:

I. Fyrningar. Lausafjár fyrningar eru í frumvarpinu taldar 1 850 þús. kr., eða 490 þús. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs.

IV. Lán vegna fjárskipta verða væntanlega 800 þús. kr., eða 2.2 millj. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs.

Út:

I. Afborganir af lánum ríkissjóðs lækka um 2 651 817 kr., og eru taldar verða 11 954 853 kr. Þessi fjárhæð er sundurliðuð á bls. 73—75.

Afborganir af lánum landssímans hækka um 55 þús. kr.

II. Greiðslur vegna ríkisábyrgðarlána í vanskilum urðu á árinu 1952 8.2 millj. kr., og er því lagt til, að fjárveitingin hækki í 8 millj. kr.

III. Til eignaaukningar landssímans eru ætlaðar 5 100 þús. kr., sem er 400 þús. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs.

V. Til byggingar á jörðum ríkisins. Lagt er til, að fjárveitingin hækki um 100 þús. kr.

XI. 6. Til viðbyggingar Málleysingjaskólans. Lækkar um 200 þús. kr.

XIV. Til útihúsa á prestssetrum. Lagt er til, að fjárveitingin hækki um 50 þús. kr.

XIX. Til byggingar beitarhúsa á Hólum er nýr liður, 25 þús. kr.

XX. Til rafveituframkvæmda á Hvanneyri. Lækkar úr 80 þús. kr. í 75 þús. kr.

XXI. Til fjósbyggingar að Eiðum er nýr liður, 100 þús. kr.

XXIII. Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga. Lækkar um 50 þús. kr.

Niður fellur fjárveiting vegna Áburðarverksmiðjunnar h.f.

Um 22. gr.

Af 22. gr. eru felldir niður allmargir liðir, þ. á m. heimild fyrir ríkisstjórnina til að verja allt að 5 millj. kr. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum. Mun ríkisstjórnin gera tillögur varðandi það mál við meðferð fjárlaganna á Alþingi.

Bætt er við 2 nýjum liðum, um heimild til að taka lán hjá Framkvæmdabanka Íslands til framkvæmda vegna flugþjónustu, og um heimild til að ábyrgjast lán fyrir síldarverksmiðjuna Rauðku á Siglufirði.

Starfsmannaskrá ríkisins 1954.

3. gr. fjárlaga.

1. Pósturinn.

Póstmálaskrifstofan:

| | | |
|--|----------------|--------------------|
| Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1) | kr. | 32 241 |
| Skrifstofustjóri (1) | — | 50 939 |
| Póstmálafulltrúi (1) | — | 48 393 |
| Aðalbókari (1) | — | 48 393 |
| Fulltrúar (2) | — | 91 694 |
| Bókarar (3) | — | 123 990 |
| Ritarar (2) 30 859, 20 941 | — | 51 800 |
| | Samtals | kr. 447 450 |

Póststofan í Reykjavík:

| | | |
|---|----------------|----------------------|
| Póstmeistari (1) | kr. | 50 939 |
| Póstfulltrúar (11) 5×45 847, 6×43 301 | — | 489 041 |
| Póstafgreiðslumenn (42) 41×41 331, 34 679 | — | 1 729 250 |
| Smiður (1) | — | 35 852 |
| Bréfberar (30) 27×35 212, 3×34 477 | — | 1 054 155 |
| Húsvörður (1) | — | 34 089 |
| Bírfreiðastjórar (2) | — | 84 508 |
| | Samtals | kr. 3 477 834 |

Póststofan á Akureyri:

| | | |
|---|----------------|--------------------|
| Póstmeistari (1) | kr. | 48 393 |
| Fulltrúi (1) | — | 43 301 |
| Póstafgreiðslumenn (4) 3×41 330, 34 477 | — | 158 467 |
| Bréfberi (1) | — | 35 212 |
| Póstsendlar (2) | — | 24 303 |
| | Samtals | kr. 309 676 |

Póstafgreiðslan á Ísafirði:

| | | |
|---|----------------|--------------------|
| Fulltrúi (1) | kr. | 43 301 |
| Póstafgreiðslumenn (2) 41 330, 28 104 | — | 69 434 |
| Bréfberi (1) | — | 26 451 |
| | Samtals | kr. 139 186 |

Póstafgreiðslan á Seyðisfirði:

| | | |
|--|----------------|-------------------|
| Póstafgreiðslumaður (1) (Tekur einnig laun sem stöðvarstjóri símans) | kr. | 7 501 |
| Afgreiðslumaður (1) | — | 33 064 |
| Aðstoðarmaður (1) | — | 11 070 |
| Bréfberi (1) | — | 14 130 |
| | Samtals | kr. 65 825 |

Póstafgreiðslan á Siglufirði:

| | | |
|---|----------------|--------------------|
| Fulltrúi (1) | kr. | 43 301 |
| Póstafgreiðslumenn (2) 41 330, 36 812 | — | 78 142 |
| Bréfberi (1) | — | 29 757 |
| | Samtals | kr. 151 200 |

Póstafgreiðslan í Vestmannaeyjum:

| | | |
|-------------------------------|-----|--------|
| Póstafgreiðslumaður (1) | kr. | 35 212 |
| Afgreiðslumaður (1) | — | 26 451 |
| Aðstoðarmaður (1) | — | 24 021 |
| Bréfberi (1) | — | 26 451 |

Samtals kr. 112 135

2. Landssíminn.**Aðalskrifstofan:**

| | | |
|--|-----|---------|
| Póst- og símamálastjóri (½ laun) (1) | kr. | 32 241 |
| Skrifstofustjóri (1) | — | 50 939 |
| Aðalgjaldkeri (1) | — | 48 393 |
| Aðalbókari (1) | — | 48 393 |
| Yfirverkfræðingur (1) (Tekur einnig laun hjá Ríkisútvarpinu) | — | 39 483 |
| Verkfræðingar (4) 3×48 393, 9074 | — | 154 253 |
| Yfirteiknari (1) | — | 43 301 |
| Teiknarar (2) 38 413, 40 014 | — | 78 427 |
| Fulltrúar (9) 3×45 847, 6×43 301 | — | 397 347 |
| Bókarar (6) 4×41 330, 38 413, 34 477 | — | 238 210 |
| Einkaritarar (2) 41 330 35 212 | — | 76 542 |
| Aðstoðarmaður (1) | — | 43 301 |
| Skýrslumenn (2) 43 301, 35 212 | — | 78 513 |
| Endurskoðandi (1) | — | 43 301 |
| Ritarar (2) 32 375, 33 064 | — | 65 439 |
| Sendlar | — | 39 250 |

Samtals kr. 1 477 333

Ritsímastöðin í Reykjavík:

| | | |
|---|-----|-----------|
| Ritsímastjóri (1) | kr. | 50 939 |
| Varðstjórar (9) 2×45 847, 3×43 301, 2×41 330, 32 513, 33 064 | — | 369 834 |
| Fulltrúar (2) | — | 86 602 |
| Símritarar (11) 9×41 330, 38 413, 39 614 | — | 449 997 |
| Bókarar (10) 41 330 3×38 413, 37 213, 35 480, 35 346, 33 064, 32 238, 31 687 | — | 361 597 |
| Aðstoðarmenn (3) 38 413, 2×35 212 | — | 108 837 |
| Ritarar (4) 33 064, 29 758, 29 207, 35 212 | — | 127 241 |
| Talsímakonur (48) 18×29 758, 29 483, 29 299, 4×29 207, 28 932, 28 839, 28 656, 6×28 381, 27 554, 3×27 279, 7×26 451, 26 177, 25 993, 25 900, 25 349 | — | 1 365 934 |
| Sendimenn (7) | — | 231 448 |
| Sendisveinar (9) | — | 101 736 |
| Aðstoðarnæturvörður (1) | — | 14 699 |
| Nemar á langlínumiðstöð (4) | — | 72 741 |
| Eftirlitsstúlkur (2) 33 306, 31 411 | — | 64 717 |

Samtals kr. 3 406 322

Bæjarsími Reykjavíkur og Hafnarfjarðar:

| | | |
|---|-----|--------|
| Bæjarsímastjóri (1) | kr. | 50 939 |
| Innheimtugjaldkeri (1) | — | 45 847 |
| Umsjónarmaður sjálfvirku stöðvarinnar (1) | — | 45 847 |
| Símafræðingur (1) | — | 45 847 |
| Símstjóri í Hafnarfirði (1) | — | 45 847 |

| | | |
|---|----------------|----------------------|
| Fulltrúar (3) | kr. | 129 903 |
| Verkstjórar (4) | — | 173 204 |
| Símvirkjar (10) 6×41 330, 3×41 005, 40 014 | — | 411 009 |
| Bókarar (6) 41 330, 2×38 413, 37 213, 34 946, 34 413 | — | 224 728 |
| Efnisvörður (1) | — | 41 330 |
| Iðnaðarmenn (4) 41 330, 3×35 212 | — | 146 966 |
| Næturverðir (2) 38 413, 33 064 | — | 71 477 |
| Teiknari (1) | — | 35 212 |
| Línuverkstjóri (1) | — | 41 330 |
| Línumenn (11) | — | 387 332 |
| Innheimtumaður (1) | — | 35 212 |
| Ritarar (4) 33 064, 29 757, 2×23 144 | — | 109 109 |
| Talsímakonur (5) 29 757, 27 553, 29 023, 2×27 186 | — | 140 705 |
| Nemar (13) | — | 282 984 |
| Sendisveinar (2) | — | 26 451 |
| | Samtals | kr. 2 491 297 |
| Loftskeytastöðin í Reykjavík: | | |
| Varðstjóri (1) | kr. | 41 330 |
| Loftskeytamenn (4) | — | 165 320 |
| Ritarar (2) 29 483, 27 002 | — | 56 485 |
| | Samtals | kr. 263 135 |
| Stuttbylgjustöðin: | | |
| Fulltrúi (1) Tekur auk þess ½ laun hjá radióflugþjónustu | kr. | 22 923 |
| Varðstjórar (2) | — | 86 602 |
| Loftskeytamenn (8) 3×39 614, 3×33 064, 2×41 330 | — | 300 694 |
| Ritari (1) | — | 33 064 |
| | Samtals | kr. 443 283 |
| Radióverkstæðið: | | |
| Verkstjóri (1) | kr. | 43 301 |
| Símvirkjar (13) 5×41 330, 4×40 014, 2×36 013, 33 422, 33 064 .. | — | 505 218 |
| Iðnaðarmenn (3) 2×41 330, 37 880 | — | 120 540 |
| Fulltrúi (1) | — | 43 301 |
| Bókari (1) | — | 41 330 |
| Loftskeytamaður (1) | — | 39 214 |
| Nemi (1) | — | 26 451 |
| | Samtals | kr. 819 355 |
| Radióeftirlit Landssímans: | | |
| Eftirlitsmenn (2) | kr. | 86 602 |
| | Samtals | kr. 86 602 |
| Birgðahúsið: | | |
| Birgðastjóri (1) | kr. | 43 301 |
| Efnisvörður (1) | — | 43 301 |
| Bókari (1) | — | 41 330 |
| Aðstoðarmenn (4) | — | 140 848 |
| Iðnaðarmaður (1) | — | 41 330 |
| | Samtals | kr. 310 110 |

Viðhald símanna:

| | | |
|----------------------------------|-----|---------|
| Fulltrúi (1) | kr. | 45 847 |
| Verkstjóri (1) | — | 43 301 |
| Línuverkstjórar (10) | — | 413 300 |
| Bifreiðaeftirlitsmaður (1) | — | 41 330 |
| Línumenn (5) | — | 176 060 |
| Bifreiðarstjóri (1) | — | 35 212 |
| Símritari (1) | — | 41 330 |

Samtals kr. 796 380

Viðbót og viðhald stöðva:

| | | |
|---------------------------------|-----|--------|
| Stöðvarviðgerðarmaður (1) | kr. | 43 301 |
|---------------------------------|-----|--------|

Samtals kr. 43 301

Radíóflugþjónustan:

| | | |
|---|-----|---------|
| Fulltrúi (1) (Tekur einnig ½ laun hjá Stuttbylgjustöðinni) | kr. | 22 923 |
| Varðstjórar (6) 43 301, 5×41 330 | — | 249 951 |
| Verkfræðingur (1) | — | 40 755 |
| Loftskeytamenn (16) 13×41 330, 3×33 064 | — | 636 482 |
| Stöðvargæzlumenn (10) 6×41 330, 3×39 614, 35 212 | — | 402 034 |
| Iðnaðarmaður (1) | — | 38 947 |
| Símritarar (9) | — | 356 526 |
| Ritarar (8) 29 757, 28 656, 26 451, 5×25 626 | — | 212 994 |

Samtals kr. 1 960 612

Aðrar deildir:

| | | |
|--|-----|---------|
| Verkstjórar (2) | kr. | 86 602 |
| Iðnaðarmenn (3) 41 330, 39 614, 35 212 | — | 116 156 |
| Símvirkjar (2) 41 330, 33 422 | — | 74 752 |
| Línumaður (1) | — | 35 212 |
| Húsvörður (1) | — | 33 064 |
| Lyftuverðir (2) | — | 52 902 |

Samtals kr. 398 692

Loranstöðin í Vík:

| | | |
|---|-----|---------|
| Stöðvarstjóri (1) | kr. | 43 301 |
| Loftskeytamenn (3) 2×38 413, 33 064 | — | 109 890 |
| Tímaverðir (5) 5×35 212 | — | 176 060 |
